

Fundur í skólaráði 7. maí 2018

Mætt: Hanna Dóra, Ólafur, Trostan, Helga Þorbjörg, Laufey Leifs, Laufey Har, Guðmundur Smári, Jódís Helga og Lára sem ritaði fundargerð.

1. Skóladagatal

Hanna Dóra lagði fram skóladagatal ársins 2018-2019. Þar er gert ráð fyrir skólasetningu 23. september og skólaslit 29. maí. Rætt um þema 1918 - vegna lýðveldisafmælis. Skóladagatalið samþykkt.

2. Handbók um starfsemi skólaráða. Hanna Dóra viðraði hvernig standa skal að endurnýjun í skólaráði. Hún beindi spurningu til formanna nemendafélagsins um setu og hvort ekki væri gott að annar fulltrúi sé úr 9.bekk. Taldi fulltrúi nemenda þess ekki þörf. Nóg að sitja hér í eitt ár.

Fundarmenn sammála um að ekki verði skipt út öllum fulltrúum í einu. Hafa víxlandi fyrirkomulag þannig að annar fulltrúi foreldra víki sæti og einn nýr komi inn. Hið sama verði hjá kennurum.

Fulltrúi starfsmanna er alltaf kosin til eins árs.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins er alltaf kosin til eins árs í senn.

Hanna Dóra greindi frá því að Kristvina hefði sagt starfi sínu sem aðstoðarskólastjóri lausu og nú hefur starfið verið auglýst. Hún sagðist vona að umsóknir bærust.

Varðandi næsta skólaár er gert ráð fyrir að fyrsti og annar bekkur verði saman í hóp næsta vetur. Einnig þriðji og fjórði bekkur í einum hópi. Fimmti bekkur verði sér. Sjötti og sjöundi bekkur fari upp á unglíngagang. Áttundi, níundi og tíundi verði í aldurshópum.

3. Undirbúningsfundur sem hittu sveitarstjórnarmenn.

Gagn að því að stofna hagsmunasamtök foreldra á skólasvæðinu, til að hægt væri að leyta til þess þ.e. sveitarstjórnarmenn. Allir væru að vinna að sama marki, vildu skólasamfélaginu allt hið besta. Umræður jákvæðar á þessum fundi.

Fundi slitið



